

Nd.

613. Frumvarp til laga

[251. mál]

um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. maí.)

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning rikissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 2/1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslu skv. 4. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- | | |
|--|----------|
| a. Til lífeyrissjóða sjómanna til þess að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur til sjómanna og aðrar tryggingabætur | 75 m.kr. |
| b. Til þess að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, með skilyrðum sem ráðuneytið setur | 950 — |
| Gert er ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt þessum lið fari fram á þremur árum frá 14. febrúar 1975 að telja. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 m.kr. af heildarfjárhæð samkvæmt þessum lið til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3ja ára til að bæta lausafjárstöðu eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva. | |
| c. Til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir lánveitingum sjóðsins til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum. Fé þetta greiðist Fiskveiðasjóði sem óafturkræft framlag | 300 — |
| d. Til að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir, er skip þeirra eru dæmd ónýtt, enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti | 50 — |
| e. Til Olíusjóðs fiskiskipa til þess að jafna greiðsluhalla hans fram til 15. febrúar 1975 | 80 — |
| f. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa til þess að bæta greiðslustöðu hans | 100 — |
| g. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til greiðslu verðbóta vegna loðnumjöls og fiskmjöls á vetrarvertíð 1975 | 50 — |
| h. Til rannsókna og styrkveitinga v. fiskiskipa, sem breyta vélbúnaði sínum til þess að geta nýtt svartolíu í stað gasolíu sem orkugjafa | 10 — |
| i. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna | 12 — |
| j. Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. | |

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlaga.

2. gr.

Auk sérstaks útflutningsgjalds til Olíusjóðs fiskiskipa skv. 4. gr. laga nr. 106/1974 skal greiða til Olíusjóðs viðbótargjald af fob.-verði sjávarafurða, sem framleiddar eru eftir 15. febrúar 1975, sem hér segir:

- a. 4% af fob.-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra sem getið er í b- og c-lið þessarar greinar, svo og lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
- b. 6% af fob.-verði útflutnings á saltfiski.
- c. 2% af fob.-verði útflutnings á loðnumjöli, loðnulýsi, fiskmjöli, karfamjöli, karfalýsi, humarmjöli, rækjumjöli, síldarmjöli og síldarlýsi.

Útflutningsgjaldið reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og setur sjávarútvegsráðuneytið reglur um nánari framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ákvæði c-liðar 2. gr. skal eigi taka gildi fyrr en 1. október 1975 og ná til afurða, sem framleiddar eru eftir þann tíma.
2. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs er heimilt að greiða framleiðendum loðnumjöls upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna birgða loðnumjöls frá loðnuvertið 1975, sem ekki hafa verið fluttar út. Sjóðsstjórnin setur reglur um greiðslur þessar, að fengnu samþykki ráðherra.
3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2 13. febrúar 1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, um 20% frádrátt vegna gengismunar, skulu taka til afurða framleiddra úr loðnu, sem landað hefur verið fyrir 16. febrúar 1975. Sjávarútvegsráðuneytið skal setja reglur um framkvæmd þessa liðar, þar sem m.a. verði kveðið á um hvernig meta skuli það afurðamagn, sem framleitt hefur verið úr hráefnisbirgðum loðnuverksmiðja eins og þær voru um miðnætti 15. febrúar 1975.
4. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. lögum nr. 19/1973 og a-lið 2. gr. þessara laga af saltsíld og saltsíldarflokum, sem framleidd er á árinu 1975.
5. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. b-lið 2. gr. að hluta eða öllu leyti af þurrkuðum saltfiski, þ.á.m. af þurrkuðum saltufsa.